



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 17. janúar 2019
SFS2018100118
152. fundur
HG/sp/ss

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi frístundaheimili sem eru á biðlista eftir hentugra húsnæði

Á 145. fundi skóla- og frístundaráðs, 9. október 2018 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skóla- og frístundaráði óska eftir upplýsingum um það hversu mörg frístundaheimili eru á biðlista eftir stærra eða hentugra húsnæði.

Svar:

Í meðfylgjandi samantekt kemur fram að sjö frístundaheimili eru á bið eftir stærra eða hentugra húsnæði.

Samantekt vegna fyrirspurnar fulltrúa Sjálfstæðisflokks í skóla- og frístundaráði um það hversu mörg frístundaheimili eru á biðlista eftir stærra eða hentugra húsnæði.

Frístundamiðstöð	Starfsstaður	Staðsetning - heimilisfang	Er á bið eftir stærra eða hentugra rými (óskir/athugasemdir hafa verið sendar)	Athugasemdir framkvæmdastjóra v. húsnæðis
Tjörnin	Selið - Frístundaheimili Melaskóla	Hagamel 1	Já	Hluti af hjartarými eru 2 stofur sem eru nýttar af skólanum á morgnana. Það er orðið þröngt um starfsemi í Selinu vegna fjölda barna í hverfinu.
	Skýjaborgir - Frístundaheimili Vesturbæjarskóla	Vesturvallagötu 10	Já	Lagfæra þarf húsnæðið við Vesturvallagötu þar sem starfsemi Skýjaborga fer fram.
	Draumaland - frístundaheimili Austurbæjarskóla	Vitastíg	Já	Það er orðið þröngt um starfsemi Draumalands vegna fjölda barna í hverfinu.
	Halastjarnan - frístundaheimili Háteigsskóla	Háteigsvegi	Já	Það er orðið þröngt um starfsemi Halastjörnunnar vegna fjölda barna í hverfinu.
Kringlumýri	Neðstaland - frístundaheimili	Haðalandi 26	Er á bið og í vinnslu	Hjartarými of lítið miðað við fjölda barna. Húsnæði skólans er sprungið því er líka vöntun á samnýttu rými.

Frístundamiðstöð	Starfsstaður	Staðsetning - heimilisfang	Er á bið eftir stærra eða hentugra rými (óskir/athugasemdir hafa verið sendar)	Athugasemdir framkvæmdastjóra v. húsnæðis
Gufunesbær	Galdraslóð - frístundaheimili Kelduskóla -Vík	Hamravík 10	Óskir liggja fyrir um stærra rými fyrir frístundaheimilið	Aðstöðuleysi háir starfseminni og erfiðlega gengur að halda utan um starfið þar sem það er staðsett á mörgum stöðum í skólarýminu. Hjartað er helmingi minna en það á að vera skv rýmissamningi frístundaheimila.
Rekið af grunnskólum	Úlfabyggð frístundaheimili Dalskóla	Úlfarsárbraut 118-120	Já haust 2019	